

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2024, þriðjudaginn 30. janúar kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1144. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Arnarholt.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. Álfabakki 2A - USK24010088 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23080010 með því að gera bílakjallara og ýmsar innanhússbreytingar. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
2. Bankastræti 8 - USK23110016 Sótt er um leyfi til þess að sameina notkunareiningar 0101 og 0103, breyta innra skipulagi og innrétta veitingarstað í flokki I teg. d, fyrir 30 gesti í verslunar- og skrifstofuhúsi við Bankastræti 8, mhl. 03, á lóð nr. 1 við Þingholtsstræti.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
3. Borgartún 6 - USK23120132 Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að breyta klæðningu á húsi á lóð nr. 6 við Borgartún.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 1. febrúar 2022.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
4. Brúnavegur 12 - USK23080165 Sótt er um leyfi til að stækka svalir og setja heitan pott við hús á lóð nr. 12 við Brúnaveg.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is) fyrir útgáfu byggingarleyfis. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
5. Básendi 9 - USK23110278 Sótt er um leyfi til að endurbyggja og stækka bílskúr við tvíbýlishús á lóð nr. 9 við Básenda.  
Stækkun: 15,5 ferm., 59,7 rúmm.  
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. júlí 2023.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til skipulagsfulltrúa til umsagnar og/eða grenndarkynningar.
6. Fiskislóð 53 - USK24010089 Sótt er um leyfi að breyta innra fyrirkomulagi á lóð nr. 53 við Fiskislóð.  
Erindi fylgir gátlisti aðaluppdráttar og yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Fossagata 14 - USK24010098 Sótt er um stöðuleyfi fyrir gám á lóð nr. 14 við Fossagötu.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
8. Fossháls 13-15 - USK24010160 Sótt er um leyfi til að sameina eignir á fyrstu hæð og bæta við gluggum og hurðum á norðurhlíð húss á lóð nr. 13-15 við Fossháls.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
9. Framnesvegur 48 - USK23040211 Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr á lóð nr. 48 við Framnesveg þegar búið er að rífa þann sem fyrir er. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. júní 2023 fylgir erindi.  
Frestað. Lagfæra skráningu.
10. Fálkahlíð 6 - USK24010082 Sótt er um leyfi að setja svalalokanir á Fálkahlíð 6, sem er mhl. 06 á lóð nr. 5 við Haukahlíð.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
11. Grensásvegur 14 - USK23100198 Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. I tegund c fyrir 15 gesti í rými 0102 í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 14 við Grensásveg.  
Jafnframt er sambærilegt erindi BN061816 samþykkt 7. mars 2023 fellt úr gildi.  
Erindi fylgir afrit af aðaluppdráttum samþykktum 7. mars 2023.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
12. Grensásvegur 7 - USK23110320 Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi veitingastaðar á lóð nr. 7 við Grensásveg. Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.
13. Grundarstígur 7 - USK24010178 Sótt er um leyfi til þess að byggja portbyggða rishæð með þremur kvistum og svölum á suðurhlíð tvílyfts einbýlishúss á lóð nr. 7 við Grundarstíg.  
Stækkun: xx.x ferm., xx.x  
Gjald: kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda
14. Hamrahlíð 17 - USK23120121 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060168 þannig að komið er fyrir lyftu í húsi á lóð nr. 17 við Hamrahlíð.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
15. Hestháls 14 - Stöðuleyfi - USK24010131 Sótt er um stöðuleyfi fyrir 10 ft. gám á lóð nr. 14 við Hestháls.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Hringbraut Landsp. - USK23080090 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053126 þannig að innra skipulagi 1. og 2. hæðar er breytt í Eirbergi, Eiríksgötu 34 á lóðinni Hringbraut Landsp. Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
17. Hólaland - USK23100249 Sótt er um leyfi til þess að byggja, úr þremur samsettum gámaeiningum, sem byggt er yfir og klætt utan með timur- eða liggjandi áklæðningu, hús, mhl. 02, með geymslu, vinnustofu og líkamsrækt fyrir íbúa búsetukjarna á lóðinni Hólaland, Kjalarnesi.  
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 30. nóvember 2023 og ljósmyndir af lóð.  
Stærð mhl. 02: 178.2 ferm., 478.7 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
18. Hálsasel 27 - USK23070222 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti á húsi á lóð nr. 27 við Hálsasel. Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
19. Ingólfsstræti 2 - USK23100042 Sótt er um leyfi til breyta innra fyrirkomulagi og endurnýja skilti á hús á lóð nr. 2 við Ingólfsstræti. Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
20. Kringlan 8-12 - USK23110211 Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi í rými 0351 3. hæð í verslunarhúsi á lóð nr. 8-12 við Kringluna.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
21. Laugavegur 31 - USK24010164 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058930, með síðari breytingu BN060901 vegna lokaúttektar þannig að hætt er við breytingu á aðalinnangi, innra skipulagi er breytt, veggir færðir til, rými lögð niður, rýmisnúmer og skráningartafla uppfærð þessu til samræmis í skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 31 við Laugaveg.  
Breytt stærð: 1.462.7 ferm., 4.582.6 rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð verkfræðistofunnar Örugg um brunahönnun dags. 18. janúar 2024, bréf frá hönnuði dags. 2. mars 2021, og skýringarmyndir á aðaltekningum dagsettum 13. apríl 2022.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda
22. Lágmúli 5 - USK23120104 Sótt er um leyfi að breyta innra skipulagi 4.hæð í atvinnuhúsnæði á lóð nr. 5 við Lágmúla.  
Erindi fylgir lóðaruppdráttur dags. 9.nóvember 2020.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.
23. Njálsgata 1 - USK23110085 Sótt er um leyfi til þess að sameina rými 0001 og 0002 og innréttva veitingastað í flokki II, tegund a, fyrir alls 30 gesti í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 1 við Njálsgötu.  
Erindi fylgir umboð frá eiganda dags. 10. janúar 2024, greinargerð hönnuðar dags. 24. janúar 2024, greinargerð hönnuðar dags. 7. nóvember 2023, burðarvirkisteikning frá verkfræðistofunni Stoð ehf. dags. 7. nóvember 2023 og yfirlit breytinga á aðaltekningu

samþykktri 31. maí 2016.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Nýlendugata 21 - USK23030276 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun, hækka um eina hæð og gera sex, nýjar íbúðir, þrjár í hvorum matsthuta á lóð nr. 21 við Nýlendugötu.  
Stækkun M01: xx.x ferm., xx.x rúmm.  
Stækkun M02: xx.x ferm., xx.x rúmm.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 21. mars 2023, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 21. mars 2023, minnisblað brunahönnuðar dags. 20. mars 2023 og yfirlit breytinga afriti af eldri samþykktum aðaluppdráttum.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
25. Rafstöðvarvegur 14 - USK23120177 Sótt er um leyfi að breyta erindi BN061824 þannig að skýli er minnkað og efni breytt úr gleri í ál á húsi á lóð nr. 14 við Rafstöðvarveg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
26. Selásbraut 98 - USK23070145 Sótt er um leyfi til þess að byggja 3-4 hæða fjölbýlishús ásamt kjallara með 25 íbúðum og verslun- og þjónustu á jarðhæð á lóð nr. 98 við Selásbraut.  
Stærð: 3.389.1 ferm., 8860.0 rúmm.  
Nýtingarhlutfall. 1.28  
Erindi fylgir greinargerð Öruggh ehf um brunahönnun dags. 7. júlí 2023, mæliblað 4.385.9 dags 13. febrúar 1995 og hæðablað dags. 20. júní 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
27. Skúlagata 11 - USK24010275 Sótt er um leyfi til að koma fyrir tímabundinni endastöð Strætó bs. úr forsmíðuðum einingum á lóð nr. 11 við Skúlagötu.  
Erindi fylgir samantekt á brunavörnum frá Mannvit ódagsett og yfirlýsing Strætó bs. varðandi algilda hönnun dags. 6. desember 2023.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
28. Sléttuvegur 27 - USK23080019 Sótt er um leyfi til að breyta gangi milli húsa frá hálflokuðum í fulllokuð göng á lóð nr. 27 við Sléttuveg. Gjald kr. 14.000.. USK23080019 Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á [eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is](mailto:eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is) fyrir útgáfu byggingarleyfis. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
29. Spítalastígur 4A - Niðurrif - USK24010179 Sótt er um leyfi til þess að rífa einbýlishús, nr. 4A, mhl. 02, byggt árið 1946, á lóð nr. 4 við Spítalastíg.  
Stærð mhl. 02: 36.4 ferm., 102.0 rúmm.  
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 9. janúar 2023, greinargerð og skilmálar deiliskipulags á reit 1.184 dags 5. apríl 2007, deiliskipulagsuppdráttur dags. 5. apríl 2007 og óþinglýst mæliblað 1.184.0 dags. 23. nóvember 2023.  
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

30. Spítalastígur 6 - Niðurrif - USK24010180 Sótt er um leyfi til þess að rífa geymsluhús, mhl.02, byggt árið 1942, á lóð nr. 6 við Spítalastíg.  
Stærð mhl.02: 51.7 ferm., 153.4 rúmm.  
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 9. janúar 2024, greinargerð og skilmálar deiliskipulags á reit 1.184 dags 5. apríl 2007, deiliskipulagsuppdráttur dags. 5. apríl 2007 og óþinglýst mæliblað 1.184.0 dags. 23. nóvember 2023.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
31. Spóahólar 14 - USK24010004 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum framkvæmdum þar sem austurhlið hefur verið einangruð og klædd og svalahandrið endurnýjuð á fjölbýlishúsi á lóð nr. 14 við Spóahóla.  
Erindi fylgir mæliblað dags. 9. mars 1977 og hæðarblað dags. 2.76  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
32. Spöngin 33-39 - USK23090339 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN061254 þannig að, eins og á 1. hæð, er skipt um einangrun, glugga og útveggjaklæðningu á 2. hæð, einnig er innra skipulagi breytt, stigahúsi milli 1. og 2. hæðar lokað og lyfta lögð sorpgeymslu er breytt í hjólageymslu niður í verslunar- og skrifstofuhúsi nr. 33-39, mhl.05, og sorpskýli komið fyrir á norðaustur horni á lóð nr. 9-41 við Spöngina.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 23. janúar 2024 og yfirlit breytinga á afriti af aðaluppdráttum samþykktum 19. júlí 2022.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
33. Stuðlaháls 2 - USK23100118 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058331 og BN060860. þannig að sótt er um breytingu á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 2 við Stuðlaháls.  
Erindi fylgir hæðarblað dags. 12.1978, mæliblað dags. 29. mars 1979 og yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 14.500.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
34. Stórholt 33 - USK23010333 Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypta bílgeymslu, matshluta nr. 02, einangruð að innanverðu með léttbyggðu einhalla þaki, við hús á lóð nr. 33 við Stórholt.  
Stærð: 47,0 ferm., 157,0 rúmm.  
Erindi fylgir afrit eyðublaðs umsóknar um byggingarleyfi og gátlisti aðaluppdráttu, hæðarblað og bréf með afriti fundarbókunar skipulagsfulltrúa nr.38.22 ásamt samþykki eigenda dags. 28. mars 2023.  
Erindi var grenndarkynnt frá 29. ágúst til og með 26. september 2023.  
Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn Stefáns Gissurarsonar, dags. 15. september 2023, þar sem ekki er gerð athugasemd við tillöguna.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
35. Stórhöfði 44 - USK24010006 Sótt er um heimild til að festa fjarskiptalofnet á austurhlið byggingar á lóð nr. 44 við Stórhöfða.

Erindi fylgir umboð eiganda dags. 5. desember 2023.  
Gjald kr. 15.400.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

36. Sóltún 2 - USK24010237 Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingar við C og D álmur, byggja hæð ofaná allt húsið, byggja yfirbyggð hjólastæði við aðalinngang ásamt því að breyta innra skipulagi í sömu álmum og fjölga með því hjúkrunarrýmum um 67, þannig að heildarfjöldi rýma verður 159 í hjúkrunarheimilinu Sóltúni á lóð nr. 2 við Sóltún. Erindi fylgir brunahönnun frá Mannvit dags. 22. janúar 2024, minnisblað um flóttaleiðir frá Mannvit dags. 22. janúar 2024, hljóðvistargreinargerð frá Mannvit dags. 16. janúar 2024, umsögn Vinnueftirlitsins dags. 19. janúar 2024 og yfirlit breytinga.  
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.  
Eftir stækkun, A+B rými: 10.909,7 ferm., 32.120,2 rúmm.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
37. Sólvallagata 79 - USK23120209 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058402, meðal annars þykkja milliveggi vegna lagna og gera ný inntaksrými í kjallara í fjölbýlishúsi á lóð nr. 79 við Sólvallagötu.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
38. Tjarnargata 37 - USK23040196 Sótt er um leyfi til þess að gera fjarlægja verönd/pall við suðurhlíð og gera þaksvalir á skála við vesturhlíð einbýlishúss á lóð nr. 37 við Tjarnargötu.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 23. febrúar 2023 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2023 fylgir erindi.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
39. Túngata 36A - USK23030236 Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að gluggi á norðurhlíð hefur verið síkkaður á 1. hæð í íbúðarhúsi á lóð nr. 36A við Túngötu. Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Túngötu 23 dags. 19. mars 2023.  
Gjald kr. 14.000.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.
40. Úlfarsfell II - USK23110174 Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23030071 þannig að eldri byggingar verða teknar niður og endurbyggðar, bætt við anddyri á vesturhlíð og kjallari dýpkaður í húsi Úlfarsfelli II.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 4. október 2023 og ástandsskýrsla dags. 1. september 2023.  
Stækkun: 15,4 ferm.  
Eftir stækkun: 353,9 ferm., 1.364,5 rúmm.  
Gjald kr. 14.500.  
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

41. Vegmúli 2 - USK23120179 Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi á 2. hæð í húsi á lóð nr. 2 við Vegmúla.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
42. Vesturhólar 11 - USK23120149 Sótt er um leyfi til að breyta og stækka glugga á suðurgafli húss á lóð nr. 11 við Vesturhóla.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.
43. Þingás 17 - USK23050099 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innrétta fyrir daggæslu barna (dagforeldri), koma fyrir snyrtingu og nýrri flóttaleið á vesturhlið, bílskúr á lóð nr. 17 við Þingás.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 26. júní 2023 og skoðunarskýrsla frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins dags. 18. júní 2021.  
Gjald kr. 14.000.  
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

**Fundi slitið kl. 11:45**

Brynjar Þór Jónasson

Edda Þórsdóttir  
Sigrún Reynisdóttir  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Margrét Pálína Cassaro  
Sigurður Stefán Karlsson